

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um leyfi til að hafa pilt á 13. ári 108
á Möðruvallaskólanum. — Hin heiðruðu stiptsyfirvöld hafa með þóknanlegu brjefi frá 15. okt.
 9. p. m. sent mjer erindi forstöðumanns gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, Jóns A.
 Hjaltalín, þar sem hann leitar leyfis stiptsyfirvaldanna til þess að mega hafa bróðurson
 sinn Jón Sigurðsson Hjaltalín á nefndum skóla í vetur, þótt hann sje eigi eldri en á
 13. ári, og hafið þjer skotið því til mín, hvort veita skuli leyfi þetta, með því að stipts-
 yfirvöldunum sje eigi með reglugjörð skólans frá 28. júlí f. á. veitt nein heimild til að
 veita undanþágu frá skilyrði því fyrir inntöku í skólann, að hlutaðeigandi eigi að vera
 fermdur.

I tilefni af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn-
 anlegrar leiðbeiningar og til þess þjer birtið það skólastjóra Jóni A. Hjaltalín, að jeg
 veiti hjermeð hina umbeðnu undanþágu frá ákvörðun reglugjörðarinnar um inntöku í
 Möðruvallaskólann, þannig að piltur sá, er hjer ræðir um, verði tekinn sem aukalæri-
 sveinn á skólann, og með því skilyrði, að vera hans á skólanum sje ekki kennslunni til
 neinnar fyrirstöðu, og eigi því til tálmunar, að aðrir, sem hafa náð hinum ákveðna aldri,
 fái inngöngu í skólann.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um byggingu þjóð- 109
jarðarinnar Rauðabergs. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 25. júlí p. á., hafið þjer, herra 20. okt.
 amtmaður, sent mjer og lagt undir úrskurð minn erindi umboðsmanns Kirkjubæjar- og
 Þykkvabæjarklausturs, viðvíkjandi beiðni ábúandans á klausturjörðinni Rauðabergi í
 Fljótshverfi, Ragnhildar Gísladóttur, sem misti mann sinn Gísla Magnússon í júlímánuði
 í fyrra, um að mega halda ábúðinni á jörðinni Rauðabergi með sömu kjörum og mað-
 ur hennar hafði hana, þó hún giptist aptur, og þóað jörðin nú sje aðeins leigð með
 100 álna landskuld, að hálfu goldinni eptir meðalverði, á ullu, smjöri og tólg, og að hálfu
 með 16 aurum alinin, eða sem samsvarar rúmum 73 meðalálnum, en landskuldin eptir
 uppástungu sýslunefndar ætti að vera 90 meðalálnir, og eptir uppástungu amtsráðs 100
 meðalálnir. Hafið bæði þjer og umboðsmaður mælt með þessari beiðni ekkjunnar og
 fært það til, henni til stuðnings, að maður ekkjunnar hafi gjört meiri þrekvirkni á ábúð-
 arjörðu sinni, til að verja hana áföllum, en nokkur annar þjóðjarðarábúandi í því um-
 boði, og að fyrirvinna ekkjunnar, Gísli Arnbjarnarson, sá er hún ætlar að giptast, sje
 mesti dugnaðarmaður og hafi unnið mikið að mannvirkjum þeim, er hafa gjörð verið á
 jörðinni, og sjeu þau þess vegna, ekkjan og Gísli, þess makleg, að þau fengju að sitja á
 jörðinni við sama leigumála og að undanfögnu, að í vor hafi hið eina engi jarðarinnar
 tekið af í jökulhlaupi, og að tún jarðarinnar sje undir miklum áföllum af skriðum, og
 væri ef til vill af, ef ekki hefði notið við einstaks dugnaðar hins nýðána ábúanda og manns
 þess, er nú sækir um að fá ábúð á jörðinni.

Út af þessu læt jeg ekki hjá liða hjermeð þjónustusamlega að gefa yður til vit-
 undar, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eptir atvikum veiti
 samþykki mitt til þess, að umboðsmaður Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs gefi of-
 annefndum Gísla Arnbjarnarsyni byggingarbrjef fyrir jörðunni Rauðabergi, ef hann heldur
 áfram ábúð á jörðunni með ekkju þeirri, er nú hefur byggingu fyrir henni, á þann hátt
 að landskuldin verði ákveðin 75 ál nir, er greiddar sjeu eptir meðalverði allra meðal-
 verða.